

Framtakssjóður Íslands slhf.

Ársreikningur

2017

Framtakssjóður Íslands slhf.
Lágmúli 9, 7. hæð
108 Reykjavík
kt. 651109-0510

Framtakssjóður Íslands slhf.

Ársreikningur

2017

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-11

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í FSÍ (Framtakssjóði Íslands) slhf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Framtakssjóðs Íslands slhf. fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Framtakssjóði Íslands slhf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Framtakssjóðs Íslands slhf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 18. janúar 2018

Deloitte ehf.



Þorsteinn Pétur Guðjónsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. er fagfjárfestisjóður sem var stofnaður í lok árs 2009 og tilgangur sjóðsins var að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum með starfsemi víðsvegar um heiminn. Nýfjárfestingatímabili Framtakssjóðs Íslands slhf. lauk í febrúar 2015 en starfsemi sjóðsins er nú til ársins 2020. Stjórn FSÍ GP hf. er þó heimilt að lengja líftíma sjóðsins til ársins 2021. Frá því eiginleg starfsemi sjóðsins hófst sumarið 2010 var fjárfest í 9 íslenskum fyrirtækjum með starfsemi í ýmsum atvinnugreinum á alþjóðavísu. Farið var í umfangsmiklar aðgerðir til að auka verðmæti eigna sjóðsins með umbreytingu eigna m.a. í formi stefnumótunar, innleiðingu góðra stjórnarháttá, rekstrar – og fjárhagslegrar endurskipulagningar sem og uppskiptingar á einingum. Núverandi starfsemi sjóðsins er umsýsla og ut anumhald á eignum dótturfélaga sjóðsins sem og eftirfylgni vegna ábyrgða og krafna í tengslum við sölur dótturfélaga.

Ársreikningur Framtakssjóðs Íslands slhf. fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Eignarhlutar í félögum eru færðir á kostnaðarverði.

Hagnaður Framtakssjóðs Íslands slhf. á árinu 2017 nam um 15.903 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildareignir sjóðsins um 14.165 milljónum króna og bókfært eigið fé í árslok er um 14.161 milljónir króna. Eiginfjárhlutfallið er um 100%. Eins og fram kemur í skýringu nr. 4 þá er það mat sjóðsins að áætlað gangvirkni eignarhluta í öðrum félögum sé um 4.499 milljónir króna en bókfært verð sömu eigna er um 2.307 milljónir króna. Engin ársverk eru hjá sjóðnum. Innan sjóðsins er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstartengdu áhættu sem sjóðurinn býr við. Helstu áhættuþættir koma fram í skýringu nr. 9.

Á árinu greiddi Framtakssjóður Íslands til eigenda sinna 15.600 milljónum króna, annars vegar með lækkun hlutafjár að fjárhæð 8.600 milljónir króna og hins vegar með arðgreiðslu að fjárhæð 7.000 milljónir króna.

Í lok ársins voru hluthafar í sjóðnum 17. Tíu stærstu hluthafarnir eru eftirfarandi: Lífeyrissjóður verslunarmanna 19,9%, Landsbankinn hf. 17,7%, Gildi lífeyrissjóður 16,5%, Birta lífeyrissjóður 14,4%, Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda 8,5%, LSR A-deild 7,4%, Festa lífeyrissjóður 2,8%, Brú lífeyrissjóður 2,8%, Almenni lífeyrissjóðurinn 2,3% og Lífeyrissjóður bankamanna aldursdeild 2,0%.

Stjórn sjóðsins gerir tillögu um að greiddur verði arður til hluhafa að fjárhæð 11.300 milljónir króna en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé sjóðsins og ráðstöfun hagnaðar.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Framtakssjóðs Íslands slhf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í lok ársins, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands slhf. staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. janúar 2018

Í stjórn


Þorkell Sigurlaugsson, stjórnarformaður

Framkvæmdastjóri


Herdís Dröfn Fjeldsted

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Vaxtatekjur og arður	3	3.034.678.327	404.573.106
Matsbreyting eignarhluta	4	12.982.733.533	6.683.541.548
		<hr/>	<hr/>
		16.017.411.860	7.088.114.654
Umsýslukostnaður		(95.643.352)	(157.368.902)
Annar rekstrarkostnaður		(18.794.567)	(10.540.532)
		<hr/>	<hr/>
		(114.437.919)	(167.909.434)
		<hr/>	<hr/>
Hagnaður ársins		<hr/> 15.902.973.941 <hr/>	<hr/> 6.920.205.220 <hr/>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Fjárfestingar			
Eignarhlutar í félögum á kostnaðarverði	4	2.307.385.307	11.820.070.488
		<u>2.307.385.307</u>	<u>11.820.070.488</u>
Veltufjármunir			
Krafa á Icelandic Group ehf.	8	11.223.000.000	0
Kröfur á tengd félög	8	15.951.742	2.993.713
Aðrar skammtímakröfur	5	142.919.220	239.521.231
Handbært fé	5	475.273.467	1.802.504.132
		<u>11.857.144.429</u>	<u>2.045.019.076</u>
Eignir		<u>14.164.529.736</u>	<u>13.865.089.564</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé	6	5.058.541	8.798.541
Yfirverðsreikningur		0	6.776.846.630
Lögbundinn varasjóður		1.264.635	2.786.309
Óráðstafað eigið fé		14.154.941.052	7.069.858.807
Eigið fé		<u>14.161.264.228</u>	<u>13.858.290.287</u>
Skammtímaskuldir			
Aðrar skammtímaskuldir	7	3.265.508	6.799.277
		<u>3.265.508</u>	<u>6.799.277</u>
Skuldir		<u>3.265.508</u>	<u>6.799.277</u>
Eigið fé og skuldir		<u>14.164.529.736</u>	<u>13.865.089.564</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		15.902.973.941	6.920.205.220
Veltufé frá rekstri		<u>15.902.973.941</u>	<u>6.920.205.220</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Rekstrartengdar eignir, lækkun (hækkun)		83.643.982	(127.584.229)
Rekstrartengdar skuldir, (lækkun)		(3.533.769)	(5.791.360)
Handbært fé frá rekstri		<u>15.983.084.154</u>	<u>6.786.829.631</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Endurgreitt kaupverð fjárfestingaverðbréfa	4	9.512.685.181	8.297.940.055
Krafa vegna lækkunar á hlutafé Icelandic Group ehf.	8	(11.223.000.000)	0
Lækkun á kröfum á tengd félög		0	240.000.000
		<u>(1.710.314.819)</u>	<u>8.537.940.055</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður	6	(7.000.000.000)	(2.000.000.000)
Útborgað hlutafé	6	(8.600.000.000)	(11.600.000.000)
		<u>(15.600.000.000)</u>	<u>(13.600.000.000)</u>
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(1.327.230.665)	1.724.769.686
Handbært fé í upphafi árs		1.802.504.132	77.734.446
Handbært fé í lok ársins		<u><u>475.273.467</u></u>	<u><u>1.802.504.132</u></u>

Skýringar

1. Starfsemi

FSÍ (Framtakssjóður Íslands) slhf. var stofnað á árinu 2009 og er tilgangur sjóðsins að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum. Í árslok 2013 var FSÍ skipt upp í tvö félög, FSÍ slhf. og IEI slhf. Ákvörðun var tekin um slit á IEI slhf á hluthafafundi þann 1. október síðastliðinn og félagið afskráð þann 13. nóvember 2017, í kjölfar þess að öllum eignum félagsins var dreift til hluthafa.

Framtakssjóður Íslands slhf. er samlagshlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Samlagshlutafélag er sú tegund samlagsfélaga þar sem einn eða fleiri félagsmenn (ábyrgðaraðilar) bera beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins en aðrir félagsmenn (hluthafar), einn eða fleiri bera takmarkaða ábyrgð á grundvelli framlaga sem mynda hlutafé í félaginu. Ábyrgðaraðilar geta jafnframt verið hluthafar. Ábyrgðaraðili FSÍ slhf. er FSÍ GP hf.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Framtakssjóðs Íslands slhf. fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskyldu að markaðsbréf eru færð á gangverði. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Vaxtatekjur

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Umsýsluþóknun

Framtakssjóður Íslands slhf. greiðir til Framtakssjóðs Íslands GP hf. umsýsluþóknun í samræmi við skilmála félagsins. Umsýsluþóknuninni er ætlað að standa straum af útlögðum kostnaði er fellur til við rekstur Framtakssjóðs Íslands GP hf. að frádregnum öðrum rekstrartækjum.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Félagið er ekki sjálfstæður skattaðili og skattar því ekki reiknaðir í ársreikningnum.

Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er sé um slíkt að ræða.

Eignarhlutar í félögum á kostnaðarverði

Eignarhlutar í félögum á kostnaðarverði eru eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum. Eignarhlutarnir eru metnir á kostnaðarverði að teknu tilliti til virðisrýrnunar.

Skýringar

3. Vaxtatekjur og arður

	2017	2016
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	48.917.297	7.969.789
Vaxtatekjur af skuldabréfaeign	0	17.120.512
Arður af hlutabréfaeign	2.907.142.988	0
Tekjur af verðbréfaeign	78.577.778	674.880.898
Gengismunur á gjaldeyrisreikningi	40.264	(332.470.042)
Aðrar vaxtatekjur	0	37.071.949
	3.034.678.327	404.573.106

4. Eignarhlutar í félögum

	2017	2016
Eignarhlutar í félögum færðir á kostnaðarverði:		
Staða í ársbyrjun	11.820.070.488	20.118.010.543
Keypt á árinu	0	1
Selt á árinu	(22.495.418.714)	(14.981.481.604)
Innleystur söluhagnaður og lækkun hlutafjár	12.982.733.533	6.683.541.548
Kostnaðarverð í lok ársins	2.307.385.307	11.820.070.488

Matsbreyting eignarhluta:

Innleystur söluhagnaður eignarhluta og lækkun hlutafjár	12.982.733.533	6.683.541.548
Matsbreyting eignarhluta	12.982.733.533	6.683.541.548

	Hlutdeild %	Nafnverð
Yfirlit yfir eignarhluta í félögum á kostnaðarverði:		
Eignarhlutur í Icelandic Group ehf. (eigin hlutabréf félagsins nema 46,2%)	53,8%	113.845.892
Eignarhlutur í IIEI II hf. (áður Promens hf.)	100,0%	5.066.980 EUR
Eignarhlutur í Invent Invest ehf. (áður Invent Farma ehf. eigin bréf nema 62,8%)	15,2%	110.714 EUR

Félagið hefur í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IFRS 13, lagt mat á virði eignarhluta sem það hefur fjárfest í. Félagið styðst einnig við leiðbeiningar IPEV um verðmat (International Private Equity and Venture Capital Investor Valuation Guidelines). Virði eignarhluta í félögum sem eru með undirliggjandi eignir í skráðum hlutabréfum á markaði eru metin miðað við markaðsverðs þeirra eigna en aðrir eignarhlutar eru metnir á áætluðu gangvirði (Fair Value). Gangvirðismatið er framkvæmt á þann hátt að framtíðarsjóðflæði hvernar sjóðsskapandi einingar er reiknað og byggir á áætlunum viðkomandi einingar. Það er mat félagsins að áætlað gangvirði þessara eigna sé um 4.499 milljónir króna en bókfært verð sömu eigna er 2.307 milljónir króna.

Gangvirðismat er háð utanaðkomandi áhættuþáttum svo sem breytingu á gengi gjaldmiðla, vaxtastigi, skatthlutfalli, flökti í arðsemi hlutabréfa og markaðsálagi.

5. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2017	31.12.2016
Fjármagnstekjuskattur	142.919.220	239.521.231
	142.919.220	239.521.231

Handbært fé

	31.12.2017	31.12.2016
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	475.273.141	1.801.604.076
Óbundnar bankainnstæður í erlendra mynt	326	900.056
	475.273.467	1.802.504.132

Skýringar

6. Eigið fé

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 5.058.541 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

Eigið fé greinist þannig:

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1 2016	20.398.541	18.362.346.630	5.686.309	2.149.653.587
Lækkun hlutafjár	(11.600.000)	(11.585.500.000)	(2.900.000)	
Greiddur arður				(2.000.000.000)
Hagnaður ársins				6.920.205.220
Eigið fé 1.1 2017	8.798.541	6.776.846.630	2.786.309	7.069.858.807
Lækkun hlutafjár	(3.740.000)	(6.776.846.630)	(1.521.674)	(1.817.891.696)
Greiddur arður				(7.000.000.000)
Hagnaður ársins				15.902.973.941
Eigið fé 31.12 2017	5.058.541	0	1.264.635	14.154.941.052

Hluthafar:

		Hlutafé alls	Hlutdeild í eigið fé
Lífeyrissjóður verslunarmanna	19,9%	1.006.834	2.818.607.462
Landsbankinn hf.	17,7%	894.999	2.505.529.086
Gildi lífeyrissjóður	16,5%	834.002	2.334.768.663
Birta lífeyrissjóður	14,4%	730.301	2.044.461.523
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	8,5%	431.173	1.207.057.465
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	7,4%	371.973	1.041.328.246
Festa lífeyrissjóður	2,8%	139.489	390.495.244
Brú lífeyrissjóður	2,8%	139.489	390.495.244
Almenni lífeyrissjóðurinn	2,3%	116.881	327.204.686
Lífeyrissjóður Bankamanna aldursdeild	2,0%	98.696	276.297.574
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	1,7%	88.003	246.363.260
Lífsværk	1,1%	55.796	156.199.183
Íslenski lífeyrissjóðurinn	1,0%	51.024	142.839.299
Eftirlaunasjóður FÍA	0,8%	39.057	109.338.954
Lífeyrissjóður Rangæinga	0,6%	29.571	82.783.792
VÍS hf.	0,6%	27.898	78.099.506
Framtakssjóður Íslands GP hf.	0,1%	3.356	9.395.042
		5.058.541	14.161.264.228

7. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2017	31.12.2016
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	0	2.207.475
Ógreiddur kostnaður	3.265.508	4.591.802
	3.265.508	6.799.277

Skýringar

8. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög árið 2017:

	Gjöld	Vaxtatekjur	Kröfur	Skuldir
FSÍ GP hf., ábyrgðaraðili	95.643.352	0	15.951.742	0
Icelandic Group ehf., dótturfélag	0	0	11.223.000.000	0
	95.643.352	0	11.238.951.742	0

Krafa vegna lækkunar á hlutafé í Icelandic Group ehf. Heildarfjárhæð kröfunnar eru kr. 11.223.000.000

Viðskipti við tengd félög árið 2016:

	Gjöld	Vaxtatekjur	Kröfur	Skuldir
FSÍ GP hf., ábyrgðaraðili	157.368.902	0	2.993.713	0
IEI II hf., dótturfélag	0	17.120.512	0	0
	157.368.902	17.120.512	2.993.713	0

9. Áhættustýring

Stjórnendur félagsins fylgjast með þeirri áhættu sem stöðjar að undirliggjandi eignum félagsins. Þessir þættir eru hlutabréfaáhætta, vaxtaáhætta og gjaldmiðlaáhætta.

Félagið býr við markaðsáhættu vegna gengis hlutabréfa á mörkuðum og virði eignarhluta við sölu. Í skýringu nr. 4 kemur fram bókfært virði þessara eigna og áætlað gangvirði þeirra.

Félagið hefur ekki gert afleiðusamninga en býr við vaxtaáhættu sem sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaáhættan snýr að peningalegum eignum félagsins en er einnig fólgin í framtíðarsjóðflæði undirliggjandi eigna í þeim félögum sem félagið hefur fjárfest í.

Félagið býr við gjaldmiðlaáhættu aðallega vegna sjóðflæðis undirliggjandi eigna.

10. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 18. janúar 2018.

11. Kennitölur

Úr rekstrarreikningi:	2017	2016
Arðsemi		
Hagnaður ársins	15.902.973.941	6.920.205.220
Úr efnahagsreikningi:	31.12.2017	31.12.2016
Fjárhagslegur styrkur		
Innra virði hlutafjár - Eigið fé/hlutafé	2799,5	1575,1
Eiginfjárhlutfall - Eigið fé/Skuldir og eigið fé	100,0%	100,00%